



Lagskipting í miðju Candor Chasma

ESP_025112_1750



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Á ljósmynd Context Camera (CTX) af þessu svæði sést hvernig jarðlög ganga á mis nærri mörkunum milli set- og berglaganna. Í upplausn HIRISE gætum við greint byggingarleg sambönd sem gætu veitt innsýn í afstæðan aldur jarðlaga og misgengja við dældamyndanir. Með myndinni í þrívídd (sjá tengil neðar) getum við mælt stefnu laganna og misgengjanna. Þessar athuganir eru gerðar á svæði sem inniheldur mikið af hematíti. Á jörðinni er hematít steind sem myndast í blautu umhverfi. Tilvist þess á Mars getur hjálpað okkur að skilja í hvernig umhverfi það myndaðist í fortíðinni.